

**Nd.**

**609. Breytingartillögur**

[55. mál]

við frv. til l. um viðskiptamenntun á framhaldsskólastigi.

Frá Svövu Jakobsdóttur.

9. gr. orðist svo:

Samvinnuskólinn og Verslunarskóli Íslands hafa rétt til að rækja áfram það fræðslustarf, sem þeir hafa hingað til annast, og til að auka það og sérhæfa, eftir því sem aðstæður leyfa og þörf krefur á hverjum tíma.

Rekstrarkostnaður skólanna skal greiddur að fullu úr rikissjóði ásamt 80% af kostnaði við rekstur heimavistar, þar sem hennar er þörf, og skal framlag ríkissjóðs að hámarki miðað við kostnað í skólum ríkisins á sama fræðslustigi.

Stofnkostnaður kennslu- og heimavistarhúsnæðis, sem byggt verður í þágu þessara skóla eftir gildistöku laganna, skal greiddur úr rikissjóði að 80 hundraðshlutum.

Nefndar fjárveitingar eru háðar því skilyrði, að menntamálaráðuneytið hafi samþykkt árlega áætlun rekstrarkostnaðar skólanna og að fé hafi verið veitt í fjárlögum fyrir stofnkostnaði, enda liggi áður fyrir samþykki stjórnvalda fyrir nýjum byggingarframkvæmdum. Framlag ríkissjóðs til stofnkostnaðar kennslu- og heimavistarhúsnæðis telst áfram eign ríkisins, og getur ráðuneytið tekið sinn hluta húsnæðisins til annarra nota, er það er ekki hagnýtt í þágu viðkomandi skólastofnana.

Framlög ríkisins skv. þessari grein miðast við, að skólar þessir starfi í samræmi við meginstefnu 5. gr. þessara laga, svo og skv. þeim reglugerðum, sem settar verða.

Ráðherra skipar 5 manna skólanefndir við Samvinnuskólann og Verslunarskólann. Einn fulltrúa frá menntamálaráðuneytinu skipar ráðherra án tilnefningar, en aðra skv. tilnefningu eignaraðila annarra en ríkisins.

Nefndin kys sér formann og varaformann.

Skólanefnd ræður skólastjóra og kennara í samráði við hann og fer með fjárreiður skólans.

Við Samvinnuskólann og Verslunarskóla Íslands skal starfa skólaráð skipað 5 mönnum: skólastjóra, tveimur fulltrúum kennara, kjörnum á almennum kennarafundi, og tveimur fulltrúum nemenda, kjörnum af nemendum skólans.